

Dómar Hæstaréttar

- **Hrd. 421/2014.** Sara Lind Guðbergsdóttir höfðaði mál á hendur fréttastjóra DV, ritstjóra þess og útgefanda vegna ummæla sem birt voru á forsíðu og innsíðum blaðsins svo á vefmiðli þess og taldi S þau ærumeiðandi í sinn garð. Um ráðningu hennar hjá VR.
- **Hrd. 299/2014.** Hans Aðalsteinn Helgason höfðaði mál á hendur R og J vegna umfjöllunar um hann í DV þar sem fjallað var um liðsmenn félaga sem lögregla hafði sett á lista yfir samtök sem stundi skipulagða glæpastarfsemi.
- **Hrd. 184/2014.** Hilmar Leifsson höfðaði mál aðallega á hendur ritstjórunum R og J en til vara útgáfufélaginu D ehf. vegna ætlaðra ærumeiðandi ummæla sem birt voru á vefsíðu blaðsins D.
- **Hrd. 183/2014.** Hilmar Leifsson gegn Reyni Trausta og Jóni Trausta Reynissyni vegna ætlaðra ærumeiðandi ummæla sem birt voru í blaðinu D.
- **Hrd. 200/2013.** Pétur Gunnlaugsson höfðaði mál á hendur B, ritstjóra Viðskiptablaðsins og krafðist, m.a. ómerkingar tiltekinna ummæla sem birst höfðu um hann í blaðinu og á vefsíðu þess og vörðuðu háttsemi hans í útvarpsþætti í garð nafngreinds manns.
- **Hrd. 525/2012.** Ægir Geirdal Gíslason höfðaði mál gegn S vegna umfjöllunar um hann sem birt var á vefmiðlinum www.pressan.is, í kjölfar þess að Æ bauð sig fram til stjórnlagapings. Krafðist Æ þess að tiltekin ummæli yrðu ómerkt og S gert að greiða honum miskabætur auk kostnaðar við birtingu dómsins í einu dagblaði.
- **Hrd. 314/2012.** Jón Snorri Snorrason höfðaði mál gegn I, JT, R og DV ehf. vegna umfjöllunar um hann sem birt var annars vegar í prentaðri útgáfu DV og hins vegar netútgáfu þess á dv.is. Krafðist J þess að ummæli um hann yrðu ómerkt, að I, J og R yrðu dæmdir til refsingar og gert að greiða honum miskabætur og tilteknar fjárhæð vegna kostnaðar við birtingu dóms í fjölmiðlum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu ummælanna. var I, JT og R gert að greiða J miskabætur skv. 1. mgr. 26. gr. skbl. Þá var einnig staðfest niðurstaða héraðsdóms um birtingu dóms og forsendna hans í næsta tölublaði DV og í netútgáfu dv.is.
- **Hrd. 69/2012.** Jón Ásgeir Jóhannesson höfðaði mál á hendur Svavari Halldórssyni og krafðist ómerkingar tiltekinna ummæla sem féllu í upphafi aðalfréttatíma RÚV 6. desember 2010 sem S flutti. Hæstiréttur taldi að S hefði ekki getað hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna og var fallist á kröfu J um ómerkingu þeirra og S var einnig dæmdur til að greiða J miskabætur.
- **Hrd. 673/2011.** Heiðar Már Guðjónsson höfðaði mál gegn I, J og R vegna tiltekinna ummæla um hann sem birt voru annars vegar í prentaðri útgáfu DV og hins vegar

netútgáfu þess á www.dv.is. Krafdist H þess að ummælin yrðu ómerkt og að I, J og R yrði annars vegar gert að greiða honum miskabætur og hins vegar greiða honum tiltekna fjárhæð vegna kostnaðar við birtingu dóms í fjölmiðlum.

- **Hrd. 671/2011.** Margrét Lilja Guðmundsdóttir höfðaði mál gegn blaðamanninum Jóni Bjarka Magnússyni og krafðist ómerkingar ummæla sem birst höfðu í 3 tölublöðum DV.
- **Hrd. 591/2011.** Kim Gram Laursen höfðaði mál gegn blaðamanninum Jóni Bjarka Magnússyni og krafðist m.a. ómerkingar ummæla sem birst höfðu í grein eftir j í DV.
- **Hrd. 179/2011.** Pálmi Haraldsson höfðaði mál gegn Svavari Halldórssyni, Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur og til vara Páli Magnússyni, vegna tiltekinna ummæla sem viðhöfð voru um hann í aðalfréttatíma RÚV. Krafdist hann m.a. ómerkingar ummælanna og að S yrði dæmdur til refsingar skv. 234. og 235. gr. hgl.
- **Hrd. 158/2011.** Apríl Rún Kubischta. höfðaði mál aðallega á hendur G, en til vara V, vegna ummæla sem birtust í tímaritinu Vikunni. Krafdist A þess að ummælin yrðu ómerkt, að G en til vara V, yrðu dæmd til refsingar með því að hafa með ærumeiðandi ummælum brotið gegn friðhelgi einkalífs, að henni yrðu dæmdar miskabætur og fjárhæð til að standa straum af birtingu dómsins í dagblöðum. Fallist var á ógildingu 5 ummæla í greininni með vísan til þess að þau þóttu ýmist móðgandi eða ósannað væri að A hefði látið þau falla. Voru ummælin talin varða við 235. gr. hgl. og dæmd dauð og ómerk skv. 241. gr. hgl. Þá var fallist á að G hefði brotið gegn 229. gr. hgl. en henn var ekki gerð refsing. Loks var fallist á kröfu A um birtingu forsendna og niðurstaðna dómsins í fyrsta tölublaði Vikunnar eftir uppsögu dómsins. Þá var G dæmd til að greiða A miskabætur.
- **Hrd. 100/2011.** Eiður Smári Guðjónssen höfðaði mál gegn I, R og J vegna umfjöllunar dagblaðsins DV um fjármál E sem birtist í dagblaðinu sjálfu og á vefriti þess. Taldi E að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hans og gera ætti I, R og J refsingu skv. 229. gr. hgl. og dæma þá til að greiða sér miskabætur og fé til að standa straum af birtingu dómsins.
- **Hrd. 693/2010.** Viggó Sigurðsson höfðaði mál á hendur nánar tilgreindum blaðamönnum DV, ritstjóra DV og Birtingi útgáfufélagi vegna ummæla sem birtust í frétt DV.
- **Hrd. 329/2010.** Dante Lynn Kubischta höfðaði mál aðallega á hendur G, en til vara V, vegna ummæla sem birtust í tímaritinu Vikunni. Krafdist D þess að ummælin yrðu ómerkt, að G, en til vara V, yrði dæmd til refsingar með því að hafa með ærumeiðandi ummælum sínum brotið gegn friðhelgi einkalífs, að honum yrðu dæmdar miskabætur og fjárhæð til að standa straum af birtingu dómsins í dagblöðum og þess að forsendur

dómsins yrðu birtar í næsta tölublaði Vikunnar eftir að dómur félli. Með tveimur ummælanna var D borin á brýn refsiverð háttsemi og í tveimur ummælum til viðbótar var talin felast staðhæfing um að D hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi. Voru þessi ummæli talin varða við 235. gr. hgl. enda fælu þau í sér fullyrðingar sem engum stoðum hefði verið skotið undir né væru réttar og voru þau dæmd dauð og ómerk. Þá var fallist á að G hefði brotið gegn 229. gr. hgl en henni ekki gerð refsing. Loks var fallist á kröfu D um birtingu forsendna og niðurstaðna dómsins í fyrsta tölublaði V eftir uppsögu dómsins og var G dæmd til að greiða D miskabætur.

- **Hrd. 454/2009.** Rúnar Þór Róbertsson höfðaði mál á hendur Sigurjóni Magnúsi Egilssyni og Erlu Hlynsdóttur og krafðist þess að ómerkt yrðu nánar tilgreind ummæli sem birtust í DV í júlí 2007. Voru ummælin í grein um sakamál, þar sem R var gefið að sök innflutningur á kókaíni ætluðu til söludreifingar. E var nafngreind sem höfundur greinarinnar en S var á þeim tíma ritstjóri blaðsins. Að virtum málalokum um ákærana var talið að ummælin hefðu falið í sér aðdróttun í garð R og voru ekki efni til annars en að verða við kröfu hans um ómerkingu þeirra. Ekki þóttu skilyrði til að ómerkja önnur ummæli, þar sem þau hefðu aðeins falið í sér lýsingu á staðreyndum sem lágu fyrir í sakamálinu. Voru E og S dæmd í sameiningu til að greiða R miskabætur og til að standa straum af opinberri birtingu niðurstöðu málsins.
- **Hrd. 104/2009 (Byrgismálið).** Helga Haraldsdóttir höfðaði mál meðal annars á hendur Erlu Hlynsdóttur, blaðamanni, vegna greinar sem birt var í DV og krafðist ómerkingar nánar tilgreindra ummæla.
- **Hrd. 575/2008.** L og B höfðuðu mál til heimtu bóta vegna miska sem þau töldu sig hafa orðið fyrir vegna umfjöllunar P, H, J, S og Þ í dægurmálaþættinum Kastljósi og í fréttatímum útvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins um umsókn L um íslenskan ríkisborgararétt. Málalíbúnaður L og B var reistur á því að umfjöllunin hefði falið í sér ólögmeta meingerð í þeirra garð. Staðfest var niðurstaða héraðsdóms um sýknu af kröfum L og B um miskabætur og að ekki væru skilyrði til að dæma refsingu vegna brota á 228. og 229. gr. hgl.
- **Hrd. 475/2008.** Ásgeir Þór Davíðsson gegn Jóni Trausta Reynissyni og Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur. Dæmd voru dauð og ómerk ýmis ummæli í grein í tímaritinu J. Féllst Hæstiréttur á með Á að í tímaritsgreininni hefðu falist aðdróttanir um refsiverða háttsemi. Hins vegar var talið að tvenn ummæli í greininni væru almenns eðlis og beint að ótilgreindum mönnum en ekki Á. Voru J og I því sýknuð af kröfu Á um ómerkingu þessara ummæla. Voru Á dæmdar miskabætur. Þá var fallist á að skilyrði væru til að dæma J og I til greiðslu kostnaðar til að standa straum af birtingu dóms í málinu.

- **Hrd. 448/2008.** Franklín Kristinn Steiner höfðaði mál á hendur T og S vegna ummæla um að hann hafi haft vörslur fíkniefna og selt þau og verið umsvifamikill í þeirri sölu, sem birtust í dagblaðinu Blaðinu. Krafdist F þess að ummælin yrðu ómerkt og honum dæmdar miskabætur og fjárhæð til að standa straum af birtingu dómsins í dagblöðum.
- **Hrd. 328/2008.** Ásgeir Þór Davíðsson höfðaði mál á hendur B og G vegna ummæla sem birtust í tímaritinu Vikunni. Krafdist Á þess að ummælin yrðu ómerkt, honum dæmdar miskabætur og fjárhæð til að standa straum af birtingu dómsins í dagblöðum og þess að forsendur dómsins yrðu birtar í næsta tölublaði Vikunnar eftir að dómur félli.
- **Hrd. 34/2008.** Magnús Ragnarsson höfðaði mál á hendur 365 miðlum til greiðslu miskabóta og ómerkingar á nánar tilgreindum ummælum sem birtust í dagblöðum félagsins.
- **Hrd. 653/2007.** Þóra Guðmundsdóttir höfðaði mál gegn Eiríki Jónssyni, M og ÞS til greiðslu miskabóta og ómerkingar á ummælum sem birt höfðu verið á forsiðu og í tímaritsgrein vikuritsins S&H. Með héraðsdómi voru M og ÞS sýknaðir en E talinn bera ábyrgð en óumdeilt var að greinin væri rituð af E. Niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu var staðfest. Með vísan til þess að framsetning greinarinnar hefði verið til þess fallin að auka sölu blaðsins var jafnframt staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að E bæri að greiða Þ miskabætur.
- **Hrd. 37/2007.** Dagblaðið F hafði birt tölvupóstsamskipti A án hennar samþykkis og fékk A lagt lögbann við frekari birtingu en áður hafði birst umfjöllun í dagblaðinu D um ætlað ástarsamband A og B. Aðaláfrýjendurnir JK og M ritstjórar blaðsins D byggðu á því að birting efnisins hefði verið vítalaus í skjóli tjáningarfrelsis þeirra, sbr. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Með vísan til þeirrar ríku verndar sem 1. mgr. 71. gr. stjkskr. veitir einkalífi manna taldi Hæstiréttur að ekki yrði séð hvaða erindi þessar viðbótarupplýsingar hefðu átt til almennings. Fallist var á niðurstöðu héraðsdóms um að JK og M hefðu brotið gegn 229. gr. hgl. með birtingu efnisins og voru A dæmdar miskabætur.
- **Hrd. 491/2006.** Gunnar Birgisson höfðaði mál á hendur ritstjórunum J og M og 365 miðlum vegna ummæla sem birtust í blaðinu DV og lutu að ítrekuðum staðhæfingum um að 150 klögumál hefðu verið borin upp við félagið F vegna starfa G. Staðfest var niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla en ekki þóttu efni til að beita refsingu. Einnig voru G dæmdar miskabætur úr hendi Þ og fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms.
- **Hrd. 541/2005.** Jónína Benediktsdóttir gegn 365 prentmiðlum og Kára Jónassyni. J krafdist þess m.a. að K, ritstjóra F, yrði gerð refsing fyrir brot gegn 2. mgr. 228. gr. og

229. gr. hgl. Litið var til þess að skrif F hefðu haft að geyma efni sem ætti erindi til almennings og varðaði mál sem miklar deilur hefðu staðið um í þjóðfélaginu. Fallist var á að ekki hefði verið gengið nær einkalífi J en óhjákvæmilegt væri í opinberri umræðu um málefni sem varðaði almenning. Að þessu virtu var lagt til grundvallar að nægar ástæður hefðu verið fyrir hendi sem réttlættu birtingu þessara skrifa blaðsins og K ekki gerð refsing samkvæmt ákvæðinu.

- **Hrd. 278/2006 (Bubbi fallinn).** Bubbi höfðaði mál gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365. B krafðist þess að fyrirsagnir um hann yrðu dæmdar dauðar og ómerkar og að G ritstjóri vikublaðsins og P útgefandi þess yrðu dæmdir óskipt eða hvor um sig til að greiða honum miskabætur. Eins og fyrirsögnin var sett fram var hún talin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun og voru ummælin dæmd dauð og ómerk. Talið var að B ætti rétt til miskabóta úr hendi G bæði vegna ærumeiðandi aðdróttana og brota á friðhelgi einkalífs.

•

Héraðsdómar

- **E-943/2014 (barnanið slökkviliðsmanns)** A höfðaði mál gegn Malínu Brand og Óðni Jónssyni og krafðist ómerkingar á ummælum sem hann taldi ærumeiðandi. Auk þess krafðist hann miskabóta. Ekki var talið sýnt fram á að í ummælunum hefðu falist aðdróttun, móðgun eða brigsli sem leiða ættu til ómerkingar. Hvað varðaði 229. gr. hgl. þá var ekki fallist á að fréttir um brottvikningu teldust einkamálefni sem ekki mætti fjalla um og voru stefndu sýknuð af kröfum stefnanda.
- **E-3960/2013 (Stopp fyrir börn).** Kristín Snæfells Arnþórsdóttir og Þjónustumiðstöðin Stopp vörn fyrir börn gegn Maríu Lilju Þrastardóttur og 365 miðlum til réttargæslu.
- **E-3704/2013/E-3097/2014 (meint fölsun fréttamanns).** Blaðamaður stefnir P vegna meiðyrða í garð blaðamanns
- **E-2771/2013 (Krotað og tússað á bíla)** Á höfðaði mál gegn Reyni Traustasyni og krafðist þess að ummæli sem birtust í DV yrðu dæmd dauð og ómerk. Einnig var þess krafist að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. í miskabætur. Stefnandi gerði einnig þá kröfu að forsendur og niðurstaða dómsins yrði birt í DV. Stefnanda tókst ekki að sýna fram á að ummælin hefðu verið ósönn eða ærumeiðandi og því var kröfum hans hafnað.
- **E-1471/2013.** Stefán Einar Stefánsson gegn Inga Frey Vilhjálmsyni, Reyni Traustasyni og DV ehf.
- **E 1467/2013.** Gunnar í Krossinum höfðaði mál m.a. gegn Steingrími Sævar Ólafssyni ritstjóra Pressunnar og krafðist þess að nánar tilgreind ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk sem og miskabóta.

- **E-220/2013.** Jón Þorsteinn Jónsson gegn Inga Frey Vilhjálmsyni, Reyni Traustasyni og DV ehf.
- **E-215/2013.** Ágúst Guðmundsson og Lýður Guðmundsson gegn Inga Frey Vilhjálmsyni og DV ehf. Krafist var ógildingar nánar tilgreindra ummæla og þess að stefndu I og DV yrðu sameiginlega dæmdir til að greiða stefnendum 800.000 kr. til að kosta birtingu dóms í málinu. Að lokum var þess krafist að stefnda DV yrði gert að birta forsendur og dómsorð dóms í málinu í DV og á vefmiðlinum www.dv.is.
- **E-23/2012.** Friðrik Jón Arngrímsson gegn Ólafi Arnarsyni og Vefpressunni til réttargæslu.
- **E-1451/2011 (Aratúnsmál).** Stefnendur kröfðust þess m.a. að stefnda DV. ehf. yrði dæmt til refsingar fyrir að hafa birt og borið út ærumeiðandi aðdróttun um stefnendur á vefsvæðinu dv.is.
- **E-5265/2009 (Strawberries).** V höfðaði mál á hendur Erlu Hlynsdóttur og krafðist þess að nánar tilgreind ummæli sem stefnda lét falla um stefnanda í DV yrðu dæmd dauð og ómerk. Auk þess krafðist stefnandi þess að stefndu yrði gert að greiða honum miskabætur og að hún yrði dæmd til refsingar vegna umræddra ummæla skv. 234., 235. og 236. gr. hgl. Þá gerði stefnandi kröfu um að stefnda yrði dæmd til að kosta birtingu dóms í málinu.
- **E-3170/2009 (Skilnaðarfaraldur á Skjá-einum).** Orri Hauksson höfðaði mál á hendur 365 miðlum og krafðist þess að nánar tilgreind ummæli yrðu dæmd ómerk. Þá krafðist O þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér miskabætur og að hann yrði dæmdur til að standa straum af kostnaði vegna birtingar dómsins og forsendna hans í dagblöðum.
- **E-12027/2008.** Benjamín Þór Þorgrímsson gegn Jóhannesi Kristjáni Kristjánssyni, Kristni Hrafnssyni og 365 miðlum og til vara Ara Edwald.
- **E-11800/2008.** Áslaug Herdís Brynjarsdóttir gegn Trausta Hafsteinssyni og Hauki Arnþórssyni vegna ummæla sem birtust í helgarblaði DV og Trausti Hafsteinsson var höfundur að.
- **E-11799/2008.** Ingjaldur Arnþórsson gegn Trausta Hafsteinssyni og Hauki Arnþórssyni vegna ummæla sem birtust í helgarblaði DV og Trausti Hafsteinsson var höfundur að.
- **E-6727/2008.** Ívar Örn Þórhallsson gegn Eiríki Jónssyni og Svani Má Snorrasyni. Þess var krafist að ummæli sem birt voru á forsíðu og sem myndskreyting við grein um stefnanda á innsíðum vikuritsins Séð og Heyrt og stefndi Eiríkur bæri ábyrgð á sem ritstjóri yrðu dæmd dauð og ómerk. En til vara var kröfum beint að Svani má sem nafngreindum höfundi greinarinnar.

- **E-657/2008.** Hjalti Árnason gegn Þorsteini Pálssyni, Jóni Kaldal og 365 miðlum.
- **E-696/2007.** Hreinn Hlífur Gottskálksson gegn Björgvini Guðmundssyni, Páli Baldvini Baldvinssyni og 365 miðlum til réttargæslu.
- **E-7608/2006.** Magnús Hinrik Guðjónsson gegn 365 miðlum, Björgvini Guðmundssyni og Páli Baldvini Baldvinssyni vegna ummæla sem birtust í DV.
- **E-2299/2006.** Geir Ericsson gegn Andra Ólafssyni og Óskari Hrafni Þorvaldssyni en til vara gegn Páli Baldvini Baldvinssyni og Björgvini Guðmundssyni.

Dómar MDE

- **Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (43380/10)**
- **Jónína Benediktsdóttir gegn Íslandi mál nr. (38079/06)**
- **Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi mál nr. 46443/09**

Greinar

- **Orðhefnd og sannindi ummæla sem ábyrgðarleysisástæður í meiðyrðamálum**
- **Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum – Úlfljótur tímarit laganema 1. tbl. 2012**
- **Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur. Úlfljótur tímarit laganema. 1. tbl. 2005.**